

Reykjavík 11. febrúar 2013

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í barnavernd fram til næstu sveitarstjórnarkosninga árið 2014. Þingskjal 582 — 458. mál. (Lögð fyrir Alþingi á 141. löggjafarþingi 2012–2013.)

Barnaheill - Save the Children á Íslandi styðja framlagða þingsályktunartillögu og fagna því að efla eigi barnaverndarstarf og þekkingu starfsfólks í því skyni að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega og árangursríka aðstoð.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi vilja leggja áherslu á mikilvægi þess að auka fræðslu og forvarnir og þannig reynt verði að koma í veg fyrir mörg af þeim vandamálum sem börn eiga við að etja. Í því skyni er mikilvægt að auka stuðning við foreldra og fjölskyldur sem eiga erfitt með að búa vel að börnum sínum. Jafnframt þarf að auka stuðning og fræðslu fyrir starfsfólk skóla.

Fram kemur að framkvæmdaáætlunin skuli gilda fyrir árið 2013 og fram til sveitarstjórnarkosninga árið 2014. Mikilvægt er að tryggja fjármagn og ábyrgðaraðila hvers verkefnis svo að það megi fram ganga.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi gera eftirfarandi athugasemdir við þingsályktunartillöguna:

2.1 Ráðgjöf, fræðsla og rannsóknir.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi taka undir mikilvægi þess að auka fræðslu og ráðgjöf til barnaverndarstarfsmanna. Samtökin vilja jafnframt benda á mikilvægi fræðslu og um barnavernd til annarra stétta sem vinna með börnum og að málefnum þeirra, svo og til foreldra. Slíku er ábótavant. Í hverri viku leitar fólk til samtakanna til að fá ráðgjöf vegna ýmissa málefna barna, s.s. vegna gruns um ofbeldi gegn börnum, vegna forsjár- og umgengnismála ofl. Um er að ræða foreldra eða fólk sem vinnur með börnum. Í samtölum við fólkið kemur ítrekað fram að fólk veit ekki hvert ber að leita leita vegna málefna barna.

2.2 Efling þjónustu og verklags.

2.2.1 Þróun meðferðarúrræða.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi taka undir mikilvægi þess að meðferðarúrræði fyrir börn og fjölskyldur barna sem sýna alvarlegan hegðunarvanda verði þróuð og verði í samræmi við þarfir barns og viðurkenndar aðferðir. Samtökin vilja þó leggja megin áherslu mikilvægi snemmtækra inngrípa, forvarna og stuðning við fjölskyldur og heimili áður en vandinn er orðinn alvarlegur.

2.2.3 Ný meðferðarstofnun fyrir unglunga í alvarlegum vímuefna- og afbrotavanda.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi fagna því að nú eigi að koma á viðunandi úrræði fyrir börn sem brjóta af sér og þurfa vistun, eins og kveðið er á um í 37. gr. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

2.2.6 Aukin þjónusta Barnahúss og meðferð vegna óviðeigandi kynhegðunar.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi styðja stækkun Barnahúss og bætta aðstöðu og þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra. Samtökin leggja áherslu á mikilvægi þess að mismuna ekki börnum hvað varðar búsetu eða aðra stöðu þeirra eða foreldra þeirra. Því verði að tryggja að öll íslensk börn geti notið samskonar þjónustu Barnahús veitir. Að mati samtakanna er best að sú þjónusta sé í nærumhverfi barnsins eða í heimabyggð.

2.3 Tilraunaverkefni og 2.3.2 Hópmeðferð fyrir börn sem búa við heimilisofbeldi eða eru beitt líkamlegu ofbeldi.

2.3.1 Meðferð tilkynninga um heimilisofbeldi.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi leggja áherslu á mikilvægi þess að tryggt verði að áfram muni sérfræðingur eða barnaverndarstarfsmaður sinna bakvöktum vegna tilkynninga um heimilisofbeldi þegar lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fer í útkall vegna slíkra mála. Samtökin leggja jafnframt áherslu á að slíku úrræði verði komið á fót í öllum sveitarfélögum landsins og börnum því ekki mismunað eftir búsetu. Jafnframt að öll börn landsins eigi kost á hópmeðferð, búi þau við heimilisofbeldi eða eru sjálf beitt líkamlegu ofbeldi eða annars konar ofbeldi.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi leggja áherslu á þá grundvallarreglu barnaréttarins og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að ávallt beri að hafa hag og þarfir barnsins að leiðarljósi og lög landsins tryggi börnum þá vernd sem velferð þeirra krefst.

Virðingarfyllt

f.h. Barnaheilla- Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla- Save the Children á Íslandi